

Golden Retriever

Golden Retriever er hundakyn í tegundahópi 8 (veiðihundar) skv. skilgreiningu Alþjóðasamtaka hundaræktarfélaganna F.C.I. og ræktað eftir staðli sömu aðila. Á Íslandi heyrir Golden Retriever undir Retrieverdeild, sem er ræktunardeild sækjandi veiðihunda. Innan Retrieverdeildar starfar fagráð Golden Retriever ræktenda sem er ræktunarstjórn til ráðgjafar.

Ræktunarmarkmið Retrieverdeildar eru þrjúþætt m.t.t.

- 1) heilsufars
- 2) útlits
- 3) eiginleika

Á Íslandi er lítill stofn Golden Retriever. Sú staðreynd gerir auknar kröfur til ræktenda um ábyrgð og vandvirkni í ræktunarstarfi sínu. Útlitseinkenni eru samkvæmt staðli, en tíðni mjaðmaloss hér á landi er of há. Vinnueiginleikar virðast á undanhaldi. Ræktunarstefnan miðar að því að bæta þessa þætti og til þess að bæta ræktunarástand stofnsins þarf samstillt áttak allra ræktenda. Því hefur fagráð Golden Retriever ræktenda á Íslandi mótað eftirfarandi stefnu.

Ræktunarstefna

Golden Retriever á að vera jafnlyndur og sýna einkennandi hegðun fyrir tegundina sem er vinsemi, skynsemi og vinnusemi. Í stofninum eiga að vera heimilishundar, veiðihundar og hundar með önnur hlutverk sem falla vel að tegundareinkennum. Golden Retrieverhundar eiga ekki að sýna hræðslu eða árásargirni.

Tegundin á að vera langlíf og án arfgengra heilbrigðisvandamála. Erfðabreytileiki þarf að vera mikill og lág tíðni arfgengra sjúkdóma.

Golden Retriever á að hafa eiginleika sem sækjandi veiðihundur, vera vinnusamur ásamt því að vera þægur og skynsamur. Fyrir eigendur sem hafa áhuga á veiði og veiðiprófum þurfa að vera til hundar sem standa sig vel á veiðiprófum.

Golden Retriever hundar eiga að líkjast sem mest staðli tegundarinnar um eiginleika og útlit. Markmiðið er að bregða sem minnst frá skilgreindu útliti tegundarinnar. Fyrir þá sem áhuga hafa á sýningum þurfa að vera í stofninum einstaklingar sem ná því að fá 1. einkunn (excellent) á sýningum.

Markmið

Markmiðin gildi frá 2009-2014 og verði þá endurskoðuð.

Leitast verður við að rækta eingöngu út frá einstaklingum með A eða B mjaðmir og fría olnboga, sem hafa augnskoðun í lagi og hafa verið prófaðir með DNA prófi fyrir arfgengri, vaxandi sjónrýrnun (Progressiv Retinal Atrophy/PRA).

Stefnt er að því að auka þekkingu ræktenda og eigenda rakka á erfðum og uppeldi hvolpa.

1. Mjaðma- og olnbogamyndir

- Að allir hvolpar verði myndaðir til að fá sem heillegasta mynd af stofninum.
- Að ræktendur sjái til þess að allir hvolpar frá þeim verði myndaðir
- Mjaðma og olnbogamyndir skulu teknar eftir 12 mánaða aldur

2. Augnskoðun

- Að allir hundar fari a.m.k. einu sinni á ævinni í augnskoðun.
- Að augnvottorð undaneldisdýra sé ekki eldra en 18 mánaða við pörun.
- Fyrsta augnskoðun skal fara fram eftir 12 mánaða aldur

3. Ræktun

- Að hver rakki eigi ekki fleiri en 40 hvolpa.
- Að hver tík eigi ekki fleiri en fjögur got á ævinni.

4. Veiði

- Að auka áhuga á veiðieðli tegundarinnar hjá ræktendum, hundeigendum og væntanlegum hvolpakaupendum.
- Að fjölga hundum sem fara í veiðipróf.
- Að a.m.k. 20% hvolpa fari á retriever námskeið.

5. Útlit

- Að rækta hunda sem líkasta útlitsstaðli tegundarinnar.
- Að 60% hunda verði sýndir a.m.k. einu sinni í opnum flokki til að sjá hvort ræktunin samræmist staðlinum.